

Fundargerð 5. fundar stjórnar SSA 31. janúar 2017

Fundurinn hófst kl. 12.30 í Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði. Boðið var upp á léttan hádegisverð meðan á fundinum stóð. Mættir voru Sigrún Blöndal, Stefán Grímur Rafnsson, Hákon Hansson, Andrés Skúlason, Margrét Guðjónsdóttir, Gunnar Jónsson og Jón Björn Hákonarson.

Þá sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

1. Fundargerðir frá 4. stjórnarfundi SSA, 4. fundi framkvæmdaráðs SSA og 2. fundi samgöngunefndar SSA lagðar fram til samþykkis, sömuleiðis starfsreglur fyrir samgöngunefnd. Fundargerðir frá 1., 2., 3. og 4. fundi stjórnar SvAust – Almenningsganganga ehf. og frá 1., 2., og 3. fundi svæðisskipulagsnefndar Austurlands lagðar fram til kynningar.
2. Fundargerðir frá Eyþingi, SSNV og stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál.
3. Ýmis erindi, bókanir og skýrslur. Lagt fram til kynningar og eftir atvikum afgreiðslu.
 - a) Athugasemdir Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum.
 - b) Aukning í símenntun – Hagstofa.
 - c) Þróun háskóla- og framhaldsskólamenntun - Hagstofa.
 - d) Skipan í stjórn húsnæðismálasjóðs.
 - e) Nánari upplýsingar – heilbrigðis- og félagsþjónusta.
 - f) Ísland ljósvætt - Úthlutun Fjarskiptasjóðs 2017. ***Stjórn SSA fagnar fréttum um aukið fjármagn til ljósleiðaravæðingar er taki tillit til byggðasjónarmiða. Eftir sem áður er ljóst að enn vantar umtalsvert fjármagn ef takast á að ná því markmiði að ljósleiðaravæða Ísland eins og ríkið lagði upp með fyrir árið 2020. Verkefnið er grunnþjónusta og á ábyrgð ríkisvaldsins.***
 - g) Fundargerð frá sameiginlegum fundi landshlutasamtakanna með formönnum/talsmönnum stjórnmalaflokka á Alþingi.
 - h) Ferðaþjónusta, staða og horfur 2016 – Byggðastofnun. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að óska eftir nánari upplýsingum um tölfræðina á bak við upplýsingar um Austurland.
 - i) Starfsáætlun Alþingis.
 - j) Samband íslenskra sveitarfélaga – Ráðning sviðsstjóra.

2. Ytri málefni.

1. Drög að stefnumótandi byggðaaætlun 2017 – 2023. Lagt fram til kynningar.



2. Stjórnarsáttmáli 2017. Lagt fram til kynningar.

3. Samningur um sóknaráætlun.

1. Lokaskýrsla – Breiðdalssetur og Miðstöð menningarfræða á Seyðisfirði. Stjórn SSA samþykkir lokaskýrslunar og felur verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála að senda skýrslurnar til viðkomandi fagráðuneytis.
2. Tillaga um hækkun launa nefndarmanna í fagráðum og úthlutunarnefnd. Stjórn SSA samþykkir tillöguna. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að koma tillögunni á framfæri við hlutaðeigandi hjá Austurbrú sem og óska eftir því við verkefnisstjóra Uppbyggingarsjóðs að fá upplýsingar frá nefndarmönnum í fagráðum og úthlutunarnefnd um vinnuálag og -aðstæður.
3. Drög að árlegri greinargerð SSA til stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál fyrir árið 2016. Lagt fram til kynningar. Formanni stjórnar og verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að ganga frá greinargerðinni til stýrihópsins.
4. Skipting fjár og tillögur að áhersluverkefnum fyrir árið 2017. Gerðar breytingar á tillögunni og verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að senda tillögurnar til stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál til staðfestingar.
5. Fyrirfram greiðslur til menningarmiðstöðva. Lögð fram beiðni frá Skaftfelli um fyrirfram greiðslu samningsbundinnar greiðslu (viðauki við samning um sóknaráætlunar). Stjórn samþykkir beiðnina í ljósi þess hversu fjárlög voru seint samþykkt og eru lengi í vinnslu ráðuneyta.

4. Almenningsamgöngur.

1. Gjaldskrá 2017. Stjórn SSA samþykkir gjaldskrána.

5. Svæðisskipulag.

1. Starfsreglur svæðisskipulagsnefndar. Stjórn SSA lýsir yfir ánægju með starfsreglurnar sem vísað verður til sveitarfélaganna til samþykktar.
2. Álit frá Sókn lögfræðistofu. Lagt fram til kynningar.

6. Innri mál.

1. Verðkönnun á endurskoðunarþjónustu. Fallist á tillögu framkvæmdaráðs að ganga til samninga við KPMG. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála falið að kynna þáttakendum í könnuninni um niðurstöður stjórnar og hefja viðræður við KPMG.

7. Önnur mál.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 28. febrúar kl. 12.30 á Reyðarfirði.

Fundi slitið kl. 16.00.



Sigrún Blöndal

Jón Björn Hákonarson

Gunnar Jónsson

Stefán Grímur Rafnsson

Andrés Skúlason

Hákon Hansson

Margrét Guðjónsdóttir

